

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Furugrundar, Selfossi.

Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Furugrundar, Selfossi. Breytingin hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997. Jafnframt hefur deiliskipulagsbreytingin fengið umsögn Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum sömu laga.

Hið breytta deiliskipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Selfossi, 18. júní 1998.

Karl Björnsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til skipa á íslenskri skipaskrá sem eru skoðunarskyld skv. lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Skilgreiningar.

- 2.1 Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
- Skip:* Sérhvert skip á íslenskri skipaskrá sem er skoðunarskyldt samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.
- Skipverji:* Hver sá sjómaður um borð í skipi sem ráðinn er til skipsstarfa.
- Útgerðarmaður:* Aðili sem mannar skip og býr það vistum.
- Lyfjakista:* Sjúkragögn ásamt sérhannaðri geymslu fyrir þau.
- Sjúkrakassi:* Færanleg lyfjakista.
- Sjúkragögn:* Lyf og lækningatæki.
- Mótefni:* Efni sem ætlað er að koma í veg fyrir eða meðhöndla skaðleg áhrif efna.
- Ávana- og fíknilyf:* Lyf og lyfjasamsetningar, sem tilgreindar eru í fylgiskjali I með reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.
- Hættuleg efni:* Samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um flutning á hættulegum varningi nr. 801/1982.
- Þjálfun:* Þjálfun í sjúkra- og skyndihjálpi skv. viðurkenndri námsskrá.

3. gr.

Flokkar skipa.

- 3.1 Í reglugerð þessari eru skip flokkuð á eftirfarandi hátt:
- A. Skip sem fara út fyrir 150 sjómílar frá næstu höfn.
 - B. Skip með mestu lengd 15 metrar eða lengri, sem fara styttri sjóferðir en 150 sjómílar frá næstu höfn.
 - C. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.
 - D. Björgunarför.